

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 9. október 2009

ÉG HATAÐI SVART

Sara María um Nakta apann, ástarsamband sitt við Airwaves-hátíðina og nýja merkið, Varg.

* TÍSKU- VEISLA Á AIRWAVES

Vinir Airwaves er skemmtileg nýjung á tónlistarhátíðinni

* YNGDU ÞIG UPP MEÐ FARÐA

Björg Alfreðsdóttir hjá Mac sýnir réttu handtökin



**1TB
DISKUR**



Western Digital Elements
Ferðahýsing með 1TB harðdisk. USB 2.0. Tilbúin til notkunar.

Kr. 19.750

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* skemmtum okkur

GYLFI BLÖNDAL TÓNLISTARMAÐUR

Ég ætla að æfa fyrir Airwaves með Kimono, kíkja á útgáfutónleika Hjalma á NASA á föstudaginn og Bloodgroup og Sykur á Sódóma á laugardaginn. Auk þess langar mig að finna tíma í nokkrar dollur með Klúbba-Dóra, vini sem var að snúa aftur úr útleig á Suður-Ítalíu.



helgin
MIN

Verslanir, barir og veitingahús taka sig saman og veita afslátt meðan á Airwaves stendur:

ETIÐ, DRUKKIÐ OG VERSLAÐ FYRIR MINNA

Langflestar af flottustu búðum, veitingastöðum og börum miðbæjarins skilgreina sig sem „Vini Airwaves“ þetta árið. Þau veita því dágóðan afslátt öllum þeim sem eiga þar til gert afsláttararmband, en það geta gestir á Airwaves-hátíðinni keypt sér á vefsíðu Airwaves og í upplýsingamiðstöð hátíðarinnar í Skifunni.

Hugmyndina að samstarfi milli Airwaves og miðbæjarins átti Bára Hólmgeirsdóttir, sem á og rekur verslunina Aftur á Laugaveginum. „Ég bý og starfa í miðbænum og hef auðvitað ekki komist hjá því að taka eftir því hvað Airwaves hefur gríðarlega jákvæð áhrif á miðbæinn. Þegar hátíðin stendur yfir er þetta beinlínis eins og að búa í annarri borg, andrúmsloftið er svo ótrúlega skemmtilegt og líflegt. Mig langaði til að verða hluti af hátíðinni á einhvern hátt og um leið að styðja við bakið á þeim sem færa okkur hana. Tónlist og hönnun tengjast iðulega og mér þótti tilvalið að tengja okkur öll örlítið betur saman.“

Þegar kreppan skall á í fyrra bjargaði Airwaves haustsöluinni fyrir marga af þeim hönnuðum sem starfa í miðbænum, segir Bára. „Ég vona að fólk átti sig á því hversu langt út fyrir tónlistarmörkin þessi hátíð nær. Skipuleggjendur hennar mættu fá einhverja umbun fyrir það.“

Á vefsíðunni www.icelandairwaves.is má sjá lista yfir þau fyrirtæki sem skilgreina sig sem vini Airwaves. - hhs

Vinur Airwaves Fjöldi verslana, veitingastaða og bara veitir handhöfum vinkorts Airwaves dágóðan afslátt meðan á tónlistarhátíðinni stendur. Bára Hólmgeirsdóttir átti hugmyndina að samstarfi Airwaves við verslunarfolk miðbæjarins.



FRETTAÁBYRÐI/STEFAN

Hvað biður þín?

Dömulegir dekur dagar 2009

Dömulegir dekur dagar á Akureyri 9.-11. október

Spennandi tilboð og kynningar, gleði og gaman og spákonur sem skyggast inn í framtíðina.

Kíktu á dagskrain.is og sjáðu hvaða freistingum þú vilt falla fyrir.

Dömueldin

Auglýsingasími 512 5473

ALLT

Partíaugu!

Snyrtivörumógúllinn Bobbi Brown er komin með spennandi nýja augnskugga á markaðinn. Þeir nefnast Metallic Long-Wear Cream Shadow og eru ótrúlega fallegir. Þeir eru auðveldir í notkun og haldast einstaklega vel á augnlokunum og koma í átta seiðandi málmalitum, allt frá gylltu og silfurlitu upp í bláa, fjólubláa og græna tóna. Augnskuggarnir eru tilvaldir þegar maður ætlar að skella sér út á lífið og munu væntanlega þola snjókomu og svita á Airwaves næstu helgi! Vörurnar fást í Kringlunni og Smáralind. - amb

Leynast íslensk húsgögn í geymslunni þinni?

Áhugamenn um íslenska húsgagnaframleiðslu ættu alls ekki að missa af spennandi leiðsögn í Hönnunarsafni Íslands á sunnudaginn. Íslensk húsgagnaframleiðsla stóð með miklum blóma á tímabilinu 1950-1970 og víða leynast enn húsgögn frá þeim tíma á íslenskum heimilum og stofnunum. Í leiðsögn um geymslusýningu Hönnunarsafnsins mun Arn-dís S. Árnadóttir hönnunarsagnfræðingur skyggast um og greina frá helstu áföngum í sögu íslenskrar húsgagnasmíði og hönnunar á síðustu öld og tengja við gripi safnsins. Hver veit nema gamli stóllinn hennar ömmu sem enginn tók eftir sé eftir Svein Kjarval?

Hönnunarsafn Íslands, Lyngási 7, Garðabæ. Leiðsögn kl. 15-17. Aðgangur ókeypis.



Sindrastóllinn eftir Svein Kjarval.

augnahlíkið

GLÆSILEG Leikkonan Rachel Weisz heillaði Spánarbúa klædd rauðum Prada-kjól á opnun nýjustu kvikmyndar sinnar, Agora.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðamynd Anton Brink Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigrurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

30%
afsláttur

af hvítu
skeljalínunni



19.900,-
nú **13.930,-**




9.990,-
nú **6.993,-**



4.990,-
nú **3.493,-**



4.900,-
nú **3.430,-**



3.990,-
nú **2.793,-**

Glæsilegt
úrval af
kertum
með langan líftíma
á frábæru
verði



3 fyrir **2**
Yes To
snyrtivörur



990,-



990,-



690,-

1.990,-



49.900,-



13.900,-



þrjú saman

34.900,-



2.390,-



100 cm

7.990,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

AIRWAVES BETRI EN JÓLIN

Sara María í Nakta apanum er á meðal litríkustu fatahönnuða Íslands. Í viðtali við Föstudag segir hún frá nýstofnaða fyrirtækinu Vargi, óhefðbundnum uppeldisaðferðum og áralöngu ástarsambandi við Airwaves.

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir
Ljósmyndir: Anton Brink

Árið 2005 varð skrautlegt og neonklætt fólk áberandi á götum borgarinnar. Það mátti þakka Söru Maríu Júlíudóttur og Nakta apanum hennar. „Þetta með litadýrðina var ekki dýpra en svo að ég hataði svart og vildi alls ekki ganga í svörtu. Þegar ég fer í gallabuxur og venjulegan stuttermabol líður mér eins og ég sé í búningi, miklu frekar en þegar ég er í einhverju marglitu neondressi.“

Sara stofnaði nýverið fyrirtækið Varg. „Upphafið á því er að breskur maður sem heitir Nicholas Anthony Knowles hafði samband við mig í janúar. Hann er brjáláður Íslandsaðdáandi og hefur lengi verið að spá í að stofna íslenskt fatafyrirtæki. Þegar við hittumst smullum við saman og stofnuðum fyrirtækið fljótlega upp úr því. Við ætlum að styðjast við íslenska sögu, norræna goðafræði og ýmislegt annað sem tengist Íslandi. Þetta verður allt öðruvísi en við höfum verið að gera í Nakta apanum.“

Í Vargi ætlar Sara að einbeita sér að hönnuninni og leyfa öðrum að sjá um aðra þætti. „Þegar maður er einyrki eins og ég hef verið sér maður ekki bara um að hanna heldur líka að þrifa búðina,



Iðin Sara María er kennd við Nakta apann en hann líka undir merkjum Forynju og hinu nýja merki Vargi, sem byggir á norrænni goðafræði.

afgreiða, sauma og svo framvegis. En nú verður þetta allt öðruvísi, þetta er mest „pro“ verkefni sem ég hef farið út í og ég er mjög spennit fyrir því.“

HAMINGJURÍKT HJÓNABAND

Þessa dagana er allt á hvolfi hjá Söru og samstarfsfólki hennar en þau hanna meðal annars bolli Airwaves-tónlistarhátíðarinnar, sem nú er að bresta á með látum.

Samstarf Airwaves við Nakta apann er engin nýlunda en þau hafa verið tengd tryggðaböndum frá því Sara opnaði búðina árið 2005. „Sama ár kom Steini (Þorsteinn Stephensen, eigandi Destiny sem skipuleggur Airwaves)

til mín, einni eða tveimur vikum fyrir Airwaves, og það mig að gera bolli fyrir þá. Þetta var brjálæðislega merkilegt þótti mér og algjört stress. En samvinnan gekk vel og skapaði ástarsamband milli Nakta apans og Destiny, sem í dag er eiginlega orðið hjónaband. Ég geri allt sem ég get fyrir þá og þeir gera allt sem þeir geta fyrir mig.“

Sara fær stjórnur í augun þegar hún talar um Airwaves. „Þetta er bara svo merkileg hátíð og mér finnst alveg ótrúlega gaman að taka þátt í henni. Það er svo magnað að sjá allt þetta unga tónlistarfólk og finna orkuna frá því. Airwaves er eins og jólin hjá mér. Eða reyndar eitthvað meira en

það. Ég myndi miklu frekar vilja missa af jólnum en Airwaves. Og ég er ekki viss um að fólk átti sig almennt á því hvað Airwaves gerir mikið fyrir miðbæinn. Sumar verslanir fá meira út úr henni en allri jólavertíðinni.“

ÓLÉTT SAUTJÁN ÁRA

Sara á tvö börn, Dóróteu Maríu, sem er níu ára, og Natan Birni, sem er ellefu ára. Bæði fæddust þegar Sara bjó á Akureyri, þar sem hún bjó í nokkur ár. Þá var líf hennar allt annað en það er í dag. „Á þessum tíma var ég á kafi í húsmóðurpakkanum. Ég lagði mig mikið fram við að hafa allt fínt til að standast kröfur annarra. Var

oft að baka og búa til heita rétti og svona.“

Hún skildi við barnsföður sinn fyrir nokkrum árum, rétt áður en hún flutti til höfuðborgarinnar. „Við vorum saman í sjö og hálf ári. En þótt það hafi slitnað upp úr sambandinu hjá okkur erum við ofboðslega góðir vinir og hann er fullkominn pabbi. Sambandið á milli okkar er mjög sveigjanlegt og við höfum passað að vera aldrei neitt sjálfseisk í okkar samskiptum.“

Sjálfr er Sara ekki nema 29 ára, en hún var sautján ára þegar hún varð ólétt af Natani. „Mér fannst ég ekkert ung. Þegar ég varð ólétt hugsaði ég „loksins!“ Ég var svo rosalega tilbúin í þetta hlutverk. Og ég var sjúklega hamingjusöm og ánægð. En í dag þegar ég sé sautján ára stelpur missi ég andlitið og get varla séð þær fyrir mér með börn.“

LITLIR VINIR

Börnin sín lítur Sara á sem litla vini sína, fyrst og fremst. „Ég fékk sjálf frekar strangt uppeldi en ég vil ekki vera ströng í mínu uppeldi. Ég ákvað strax að koma aldrei fram við börnin mín eins og ég eigi þau. Ég sé okkur bara sem þrjár verur, ekki sem móður og börn. Við þrjú erum bara samferða í þessu lífi og þó að ég sé nokkrum árum á undan þeim í þessu lífi er ég ekkert æðri þeim.“

Hún trúir þá á fyrra líf. Þetta kallar á frekari sögur um upplifun hennar og reynslu af yfirskilvitlegum hlutum. „Ég er ekki skygg en ég er næm á vissa hluti. Ég held það sé ekki hægt að neita því að það sé eitthvað „þarna“. Þegar ég fer að sofa ferðast ég til allra sem ég elska, svíf yfir þeim og kyssi þau á ennið og gef þeim ást og hlýju. Ég trúir því raunverulega að ég geti gert það. Það er svo mikil orka í kringum okkur sem við sjáum ekki en getum fundið fyrir ef við reynum.“

Rope Yoga
& aðhald

Orku og aðhaldsnámskeið
hámarks brennsla og orka
hefst 13. október

GlóMotion
umbreytir lífi þínu og líkama!
hefst 12. og 13. október

RopeYoga
byrjendanámskeið hefst
26. og 27. október

ný aðhaldsnámskeið að hefst
www.ropeyogasetrid.is
sími.535 3800



bak við tjöldin



Besti tími dagsins:
Má finnast nóttin vera
besti tími dagsins?

Skemmtilegast að gera:

Allt sem tengist börnunum mínum og dýrum er skemmtilegast í heiminum, og ekki verra ef það er í útlöndum.



Leiðinlegast að gera:
Vá, það er svo margt leiðinlegt! Ég man samt ekki eftir neinu sérstöku nema bara þeim klass-



isku leiðindum að gera skattskýrsluna.

Uppáhaldsstaðurinn:
Karlovy Vary í Tékklandi er uppáhalds en Flórida er að detta sterk inn.

Skemmtilegasti skemmtistaðurinn:
Kaffibarinn er minn staður, heimavöllur Iceland Airwaves-hátíðarinnar og þar með

besti barinn í bænum að mínu mati.

Uppáhaldshönnuðurinn:
Ég átti uppáhaldshönnuði þegar ég var yngri en nú er það enginn sérstakur þar sem svo margir eru að gera sína sérstöku hluti.

Falín perla:
Nakti apinn.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ



Björg Alfreðsdóttir hjá MAC sýnir hvernig á að halda í æskuljómann:

YNGRI OG SÆTARI!

FYRIR



Hér notaði ég púðurfarða sem er svo algengt að konur noti og þessi náttúrulegi ljómi nær ekki í gegn, húðin verður of mött. Húðin er aldrei alveg mött frá náttúrunnar hendi nema að hún sé of þurr og vantar þá raka.

Ég hvorki skyggði hana né setti á hana kinnalit sem er ansi algengt að konur sleppi og því vantar dýpt í andlitið, svona eins og það sé hálfvegis búið að fletja andlitið út.

Einnig eru augabrúnirnar of dökkar miðað við hárlit og gerir ekkert fyrir módelið nema að láta hana líta út fyrir að vera eldri en hún er.

Á varirnar notaði ég ljósan varalit sem gerði ekki mikið fyrir módelið.

EFTIR



Hér notaði ég Strobe liquid til að gefa húðinni ljóma en þetta krem gengur hratt inn í húðina. Þar yfir notaði ég line filler á enni og í kringum augu og varir til að fylla upp í finar línur, svo notaði ég lítað dagkrem (studio moisture tint) til að jafna húðina og notaði svo mineralise loose foundation sem gefur húðinni þennan fallega náttúrulega ljóma ásamt því að næra hana um leið.

Þegar konur eldast þá missir húðin oftast en ekki lit og því er um að gera að bæta það upp með því að nota meiri kinnalit. Gefur þetta frísklega yfirbragð.

Á augun notaði ég milda brúna liti, til að gefa augunum meiri dýpt. Þá setti ég svartan blýant inn í vatnslínuna og setti svo nokkur stök gerviaugnhár. Á augabrúnirnar notaði ég ljósbrúnan augnskugga og glært gel til að móta þær.

Og þar sem dökkar varir eru inn í vetur þá tók ég milda útgáfu af þeim og setti þunn lag af varalitinum blood red og til að gefa vörnum meiri fyllingu þá dúmpaði ég ljósa varalit á miðjar varirnar.

DEKURRÓFA



uma.is

BÆKUR FYRIR BETRA LÍF



Láttu óskir þínar verða að veruleika

Hefur breytt lífi margra á máttugan hátt

BÓKAFORLAGIÐ BIFRÖST

Fæst í öllum betri bókabúðum • bokaforlagidbifrost@simnet.is

Signatures Of Nature

– náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

Allar vörur frá 390 – 2.990 kr.
Allt fyrir; andlit - líkama - hár



María Heba Porkelsdóttir
leikkona

Líf okkar er stundum flókið og álagið getur verið mikið. Við viljum öll, konur og karlar, standa okkur í leik og starfi og til þess að það megi verða þurfum við að hlúa vel að okkur sjálfum. Vörurnar frá Signatures of Nature koma eins á himnasending nú þegar kreppir að og buðan er léttari en oft. Hér er á ferð frábær vara á frábæru verði. Ég hef mælt með Signatures of Nature við vinkonur mínar og mömmu mína. Ég mæli með Signatures of Nature fyrir þig ... og alla þá sem þér þykir vænt um.

Signatures of nature er hjá:

signaturesofnature@signaturesofnature.is
Sími: 862 5588
Við erum á Facebook

GULA HÚSINU
FAXAFENI 8

andorra
STÚDÍÓ HELGA SÆUNN
STRANDGÖTU 32 SÍMI 555 2615

SVYRTIÐ ERAN
VERDI DINN VILJI

Útlit

* tíska og tíðarandi



SKVÍSUSKÓR Þessi æðislegu ökklastígvél frá kron by kronkron eru úr lakki og fullkomin við þröngar buxur eða stutt pils.



Helgarmatsæðill

Weekend special

Fornréttur:
Grafin gæs á klettasalati með kasjúhnetum og berjasósu
 Cured goose on rocket salad with cashew nuts and berry compot

Aðalréttur:
Skötuselur með humarhala, sætum kartöflum og fáfnisgrassósu
 Monkfish with lobster tail, sweet potatoes, esdragon sauce and applesauce.

Eftirréttur:
Súkkulaði crême brûlée
 Chocolate crême brûlée

Föstudag til sunnudags frá KL 18:00

Aðeins Kr. 4.900,-
Verði ykkur að góðu.

Geysir Bistro & Bar Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, Sími: 517 4300, www.geysirbistrobar.is

Anna Jóna Dungal, nemi og starfsmaður í Nostalgiú

ROKK, RÓL OG frönsk fágún

Getur þú lýst þínum stíl?
 Einhvers konar blanda af rokki og róli og franskri fágún.

Hvað dremmir þig um að eignast í vetur? Kjól í einhverjum afgerandi lit, til dæmis djúprauðum.

Uppáhaldsfatamerki? Í augnablikinu er það Balmain. Annars fíla ég mjög tísku frá fyrri áratugum, þá aðallega 60's og 70's.

Hvað keyptir þú þér síðast? Risastóran svartan kanínupels sem ég ætla mér að ganga í í allan vetur.

Uppáhaldsverslun á Íslandi? Mér finnst best að versla í

útlöndum en hérna heima finn ég mér oftast eitthvað í Topshop, Zöru, All Saints, Nostalgiú og Rokki og rósum. Svo mun ég alltaf sjá eftir búðinni Systur.

Í hvað myndir þú aldrei fara? Pykkar, glansandi, húðlitaðar sokkabuxur.

Hverjar eru tískufyrirmyndir þínar? Allt í kringum mig í rauninni, ég leita að innblæstri frá ólíklegasta fólki og hlutum. Ég held mjög upp á Alison Mosshart, Kate Moss, Anna Karina, Anita Pallenberg, Jane Birkin og Edie Sedgwi.

Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum? Engin sem ég segi frá hér!

1 Stígvél sem ég ELSKA, ég keypti þau í London þegar ég var 15 ára, kjóll/bolur úr American Apparel, palliétujakki úr Zöru og armband frá H&M. 2 Blúndubolur úr H&M, hálsmen úr TopShop, buxur úr Zöru og skór úr GS skór. 3 Skóna fékk ég í Nostalgiú 4 Fringe-taskan sem ég er alltaf með úr All Saints 5 Mamma átti refapelsinn þegar hún var unglingur.



5

3 sérfræðingar

Montana
onecollection

Carl Hansen & Søn

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



Sérfræðingar frá Montana,
One Collection
og Carl Hansen
verða í verslun



okkar föstudag, laugardag

kl. 11-16, sunnudag kl.
12-16 og veita faglegar
ráðleggingar um val á

húsgögnum. Velkomin.



20%
afsláttur
af vörum þeirra
meðan á
heimsókninni
stendur.






FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Sandra Erlingsdóttir
gullsmiður og dansari



Sushi í hádeginu með góðum vinum.



Útrás í danstíma.



Vel heppnuð sölusýning á gullinu mínu í dag, í Háagerði 16.



Elda mat með fallegu fólki.



Tónlistarveisla með mínum uppáhaldstónlistarmönnum.



SPORTBARINN ÞINN

VORUM AÐ OPNA GLÆSILEGAN SPORTBAR AÐ ENGIHJALLA 8 Í KÓPAVOGI. FRÁBÆRAR AÐSTÆÐUR TIL AÐ HORFA Á SPORTIÐ. ENGINN FYRIR, SKÝRAR MYNDIR, GOTT HLJÓÐ OG KALDUR Á KRANANUM. **ALLT SEM ÞARF SVO ÞÚ GETIR KALLAÐ SPORTER SPORTBARINN ÞINN.**

SPORTER
ENGIHJALLA 8
SÍMI 5645414

Carlsberg
Léttöl

Sjá:

www.VILLAGE.se

FJÖLBREYTT ÚRVAL NÝSTÁRLEGRA GJAFAVARA



NÝ BÚÐ Í
ORMSSON
SMÁRALIND